

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn ehf.
Hlíðarsmára 9
201 Kópavogi

Kópavogi, 16. nóvember 2021
Tilvísun: M21100001

Efni: Viðurkenning framhaldsfræðsluaðila til eins árs

Vísað er til umsóknar Nýja tölvu- og viðskiptaskólans sem dagsett er 27. september 2021 þar sem sótt er um viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu veitir ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Viðurkenningin veitir nemendum ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirumæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Menntamálastofnun hefur metið umsóknina og önnur framlögð gögn um starfsemi Nýja tölvu- og viðskiptaskólans. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 ásamt yfirlýsingum og viðaukum. Meðal atriða sem metin voru sérstaklega eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum, kt: 681096-2729, viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til eins árs frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin byggir á að kennsla fari fram í húsnæði Nýja tölvu- og viðskiptaskólans eins og því er lýst í umsókninni.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins taldi sér ekki unnt að veita jákvæða umsögn vegna eldvarna í húsnæði Nýja tölvu- og viðskiptaskólans þegar eftir því var leitað. Þó liggur fyrir staðfesting slökkviliðs á því að það leggist ekki gegn því að bráðabirgðaviðurkenning verði veitt fyrir kennslu á jarðhæð og fyrir 12 nemendum á 2. hæð í húsnæði fræðsluaðila að Hlíðarsmára 9, enda séu eldvarnarmál fræðsluaðila í tilteknum farvegi. Viðurkenning þessi takmarkast við þá hluta húsnæðisins sem slökkvilið tilgreinir. Gerður er sá fyrirvari að viðurkenning þessi verði afturkölluð ef húsnæði fræðsluaðila fær neikvæða umsögn slökkviliðs á gildistíma viðurkenningarinnar.

Áður en til endurnýjunar á viðurkenningu kemur ber Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum að útvega jákvæða umsögn um húsnæði sitt frá yfirvöldum brunamála.

Arnór Guðmundsson, forstjóri
(Undirritað rafrænt)